

**Ed.**

## **249. Nefndarálit**

um frv. til 1. um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég get ekki fallizt á frv. óbreytt, en legg til, að það verði samþykkt með eftir-toldum

### **BREYTINGUM.**

#### **1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:**

Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð. Skulu nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokkanna, einn eftir tilnefningu hvers flokks. Skipa skal jafnmarga varamenn með sama hætti. Ríkisstjórnin skipar einn nefndarmanna formann, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði verða jöfn.

#### **2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:**

Viðskiptaráð hefur þessi verkefni með höndum:

1. Ákveður, hvaða vörur skuli flytja til landsins.
2. Ráðstafar farmáymi í skipum, er annast eiga vöruflytninga til landsins og eru eign íslenzkra aðila eða á vegum þeirra.
3. Ráðstafar gjaldeyri til vörukaupa erlendis og annarra nauðsynja.
4. Úthlutar innflutningi á vörum til innflytjenda og setur þau skilyrði um hann, sem nauðsynleg kunna að vera eða verða vegna gjaldeyrisástands eða viðskiptaskilyrða.
5. Annast innkaup og innflutning á þeim vörum, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt eða hagkvæmt, vegna viðskipta- og gjaldeyrisástands eða af öðrum ástæðum, að inn séu fluttar með þessum hætti.
6. Fer með verðlagsákvvarðanir og verðlagseftirlit samkvæmt lögum nr. 3/1943 eða öðrum lögum, sem sett kunna að verða í þeirra stað, og vöruskömmunum lögum samkvæmt. Þegar ráðið fer með verðlagsákvvarðanir og verðlagseftirlit, tekur verðlagsstjóri sæti í ráðinu sem finnmið maður.

Viðskiptaráð getur með samþykki ráðherra ákveðið, að innflutningur til tekinna vörutegunda skuli vera frjáls frá ákveðnum löndum, en senda skulu innflytjendur slikra vara viðskiptaráði afrit af vörupöntunum sínum, ásamt upplýsingum um verð og afgreiðslutíma.

Ríkisstjórnin setur viðskiptaráði starfsreglur.

#### **3. Við 4. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:**

Engan erlendan gjaldeyri má láta af hendi án leyfis Viðskiptaráðs, nema séu greiðslur vegna ríkissjóðs og banka eða vextir og afborganir bæjar- og sveitarfélaga. Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands h/f hafa einir kauprétt á erlendum gjaldeyri.

4. Við 5. gr. Í upphafi greinarinnar komi í stað orðanna „Ráðherra setur“: Ríkisstjórnin setur.
5. Við 9. gr. Síðari málsgrein falli niður.
6. Við ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið falli niður.

Alþingi, 28. nóv. 1945.

H. Guðmundsson.